

Starfsleyfi

Endurvinnslustöð

Hringrás ehf.

Starfsemi:	Endurvinnslustöð
Leyfisnúmer:	UOS-2026-L044-01
Rekstraraðili:	Hringrás ehf.
Kennitala rekstraraðila:	490195-2039
Staðsetning:	Álhella 1
Sveitarfélag:	221 Hafnarfirði
Umfang:	80.000 tonn/ári
Málsnúmer:	UOS2506098 / UOS-1074
Gildir til:	24. ágúst 2042

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Hringrás ehf. kt. 490195-2039, fyrir meðhöndlun úrgangs að Áhelli 1, Hafnarfirði. Hringrás ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að taka á móti allt að 80.000 tonnum af úrgangi á ári til meðhöndlunar þ.á m. úr sér gengin ökutæki. Þar af er heimild til meðferðar á 35.000 tonnum/ári af málmum í tætara og meðhöndlun á 45.000 tonnum/ári af málmum, hjólbörðum, rafgeymum, rafhlöðum ökutækja, pappa, plasti, tróði, timbri og brennsluefni (RDF efni).

Rekstraraðila er heimilt að starfrækja verkstæði og aðra þjónustu sem heyrir beint undir starfsemina.

Óheimilt er að taka á móti lyktarsterkum úrgangi.

Berist úrgangur sem óheimilt er að meðhöndla, skal rekstraraðili koma honum í réttan farveg við fyrsta tækifæri í samræmi við lög og reglugerðir.

Öll förgun á svæðinu er bönnuð.

1.3 Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tíðni vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og

mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsókna á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

Breytingin skal vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Áætlun skal vera til staðar til að bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal m.a. gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnum, útbúnaði, húsnæði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi. Með áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki sé skilið eftir á svæðinu annað sem tilheyrir rekstrinum.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megj út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umfhverfis- og orkustofnun er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningarskylt er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunargildi fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunargildi koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breyting verður á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem gerir það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um BAT skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvað hætti hann hyggst taka upp hina nýju tækni en rökstyðja annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. grein 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili tafarlaust upplýsa eftirlitsaðila um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfis- og orkustofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfis- og orkustofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. greinum 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögunum.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnaráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfis- og orkustofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Rekstraraðili skal tryggja eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum að halda mengun lofts, láðs og lagar í lágmarki. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir

mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins vinnutíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað. Tryggja skal kennslu og æfingu í viðbrögðum við mengunaróhöppum. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.

Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ýrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum, mengandi efnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingum eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýtis eða hættu fyrir umhverfið.

Takmarka skal aðgang óviðkomandi að vinnusvæði þannig að almenningi stafi ekki hættu af starfseminni.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi.¹ Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB

¹ BAT 1, sbr. gr. 3.1.

sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða annað kerfi sem uppfyllir kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi í BAT-niðurstöðum.

Umfhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfislífvöktun.

Umfhverfisstjórnunarkerfið skal innihalda stjórnun úrgangsstrauma² og skrá yfir skólþ- og úrgangsloftstrauma.³

Umfhverfisstjórnunarkerfið skal einnig fela í sér áætlanir um stjórnun leifa, slysavarnir, lyktarstjórnun og stjórnun hávaða og titrings.⁴

Rekstraraðila er heimilt að aðlaga umhverfisstjórnunarkerfið að stærð, umfangi og flækjustigi rekstrarins og þeim umhverfisáhrifum sem hann kann að hafa.⁵ Hefja skal vinnu við uppsetningu á umhverfisstjórnunarkerfi eigi síðar en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis og skal vinnu við uppsetningu lokið innan tveggja ára. Umhverfisstjórnunarkerfið skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila.

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfis- og orkustofnunar. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Rekstraraðili skal vera með slysavarnaráætlun og nota alla þá tækni sem tilgreind er í BAT, í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka umhverfislegar afleiðingar af slysum og atvikum.⁶

Rekstraraðili skal einnig vera með áætlun um stjórnun ákafs bruna. Í því skyni að koma í veg fyrir ákafan bruna og til að draga úr losun þegar ákafur bruni á sér stað, með því að nota þá tækni sem tilgreind er í BAT.⁷

Viðbragðsáætlanir skulu vera tiltækar starfsmönnum á vinnustað og aðgengilegar eftirlitsaðila.

² BAT 1 liður 10 (BAT 2), sbr. gr. 3.1

³ BAT 1 liður 11 (BAT 3), sbr. gr. 3.1

⁴ BAT 1 liður 12 (lið 6.5 og BAT 24), 13 (lið 6.5 og BAT 21), 14 (BAT 12) og 15 (BAT 17), sbr. gr. 3.1

⁵ Heimild til að aðlaga kröfur á þennan hátt kemur fram í BAT 1, sbr. gr. 3.1.

⁶ BAT 21, sbr. gr. 3.1

⁷ BAT 27, sbr. gr. **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**

2.6 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu og heilsu manna.

Eftir því sem við á skal fylgja slysavarnaráætlun, áætlun um stjórnun ákafs bruna og viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið og heilsu manna.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.7 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megir aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

- BAT-niðurstöður heimila að draga úr tíðni mælinga ef losunargildi reynast vera nægilega stöðug.⁸

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal tryggja að notuð sé besta aðgengilega tækni (BAT) við mengunarvarnir, sbr. b. lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengilega tækni fyrir meðferð málmúrgangs í tæturum hefur verið skilgreind í „Best Available techniques (BAT) Reference Document for Waste Treatment, 2018“ og BAT-niðurstöðum vegna úrgangsmeðhöndlunar.⁹

BAT-niðurstöður eru m.a. aðgengilegar á íslensku á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar.

Númeraðar BAT kröfur í megintexta og neðanmálsgreinum í þessu starfsleyfi vísa í þessar framkvæmdarákvarðanir.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemin sé ávallt í samræmi við BAT-niðurstöður.

Nýta skal orku á skilvirkan hátt og tryggja stöðugleika vinnslunnar.¹⁰

Rekstraraðili skal skila upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar um hvaða valkostir fyrir bestu aðgengilegu tækni eru nýttir í framleiðslunni með vísan í BAT-niðurstöður greinar eigi síður en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis. Ef rekstraraðili breytir um valkost um bestu aðgengilegu tækni þá skal hann upplýsa eftirlitsaðila um þær breytingar og hvernig þær samræmast BAT-niðurstöðum.

Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda Umhverfis- og orkustofnun, að beiðni stofnunarinnar, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvað hætti hann hyggst taka upp hina nýju tækni en rökstyðja annars að honum sé það ekki mögulegt.

⁸ BAT 7 og BAT 8, sbr. gr. 3.1

⁹ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2018/1147/ESB um að fastsetja niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB vegna úrgangsmeðhöndlunar, hafa verið innleiddar með reglugerð nr. 935/2018.

¹⁰ BAT 23 og 28, sbr. gr. 3.1

3.2 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Öll meðferð úrgangs og spilliefna skal fara eftir lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og reglugerðum settum samkvæmt þeim, þ.á m. reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja og reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stuðla skal að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.

Geymsla, hreinsun og úrvinnsla úr sér genginna ökutækja skal vera í samræmi við reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja og BAT.¹¹

Skrá skal upplýsingar um úrgang sem tekið er á móti, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Skrá skal magn, tegundir, uppruna eftir atvinnugreinaflokkum og sveitarfélögum, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrtæki og ráðstöfun úrgangsins.

Skrá skal spilliefni sem myndast vegna starfseminnar skv. 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni í samræmi við reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Þá skal tryggt að starfsmenn hafi þekkingu á geymslu og meðhöndlun spilliefna og mögulegri hættu sem af þeim getur stafað. Skila skal þeim spilliefnum sem verða til við vinnsluna, eða starfsemi sem tengist henni, til viðurkenndrar spilliefnamóttöku gegn afhendingu kvittunar. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.

Meðhöndlun og geymsla á raf- og rafeindatækjaúrgangs skal vera í samræmi við reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Meðhöndlun og geymsla sprengifimra efna skal vera í samræmi við reglugerð nr. 510/2018 um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar. Gæta skal þess að reglum um aðskilnað slíkra efna sé framfylgt.

Lágmarka skal losun í andrúmsloft¹², vatn og jarðveg¹³ með því að nota þá tækni sem tilgreind er í BAT.

3.3 Geymsla og tilfærsla úrgangs

Geymsla og tilfærsla úrgangs skal vera þannig að mengunarefni berist sem minnst í umhverfið, með því að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem tilgreind er í BAT¹⁴ og skal úrgangshaugum haldið aðskyldum. Innleiða skal verklagsreglur um meðferð og tilfærslu úrgangs í því skyni að draga úr umhverfisáhættu.¹⁵

¹¹ BAT 26, 29, 30 og 51 sbr. gr. 3.1

¹² BAT 14 og 25, sbr. gr. 3.1

¹³ BAT 19, sbr. gr. 3.1

¹⁴ BAT 14 og 19, sbr. gr. 3.1

¹⁵ BAT 5, sbr. gr. 3.1

Hámarka skal endurnotkun umbúða til geymslu á úrgang til að draga úr magni úrgangs sem sent er til förgunar.¹⁶

Í því skyni að draga úr umhverfisáhættu sem tengist geymslu úrgangs skal rekstraraðili nota alla þá tækni sem tilgreind er í BAT. Rekstraraðili skal m.a. lista hámarksgeymslurými og hámarksviðstöðutíma úrgangs sem skal aðgengilegur eftirlitsaðila.¹⁷

3.4 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr losun hávaða og titrings frá starfseminni¹⁸ eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

3.5 Lyktarstjórnun

Rekstraraðili skal lágmarka eða koma í veg fyrir að lyktarmengun berist frá starfseminni.¹⁹ Sé búist við lyktarópægingdatilvikum á viðkvæmum viðtökum og/eða þau hafa verið sönnuð skal rekstraraðili vera með áætlun um lyktarstjórnun sbr. gr. 2.4 og vakta reglubundið losun lyktar í andrúmsloft.²⁰

3.6 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.

Við mengunaróhöpp skal fylgja slysavarnaráætlun, áætlun um stjórnun ákafs bruna eða viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda, eftir því sem við á skv. gr. 2.6.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

¹⁶ BAT 24, sbr. gr. 3.1

¹⁷ BAT 4, sbr. gr. 3.1

¹⁸ BAT 17 og 18, sbr. gr. 3.1

¹⁹ BAT 13, sbr. gr. 3.1

²⁰ BAT 10, 12 og 14, sbr. gr. 3.1

LOFT

3.7 Losun í loft

Nota skal þá tækni sem tilgreind er í BAT til að draga úr losun mengunarefna í andrúmsloft.²¹

VATN

3.8 Vatnamál

Umhverfismarkmið fyrir vatnshlot eru sett fram í vatnaáætlun í samræmi við ákvæði III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Til að uppfylla umhverfismarkmið skulu grunnvatnshlot vera a.m.k. í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu. Samkvæmt 12. gr. laga um stjórn vatnamála má ástand vatnshlotsins ekki versna og eiga vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau.

Upplýsingar um markmið vatnshlota má nálgast í Vatnavefsjá. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflókka í vatnaáætlun.

Vöktun grunnvatns vegna starfseminnar skal fara fram í samræmi við gr. 5.1.

3.9 Fráveita og ofanvatnskerfi

Vatn skal nýta vel og endurnýta eins og kostur er. Frárennsli frá þvottaplani, starfsmannaaðstöðu, verkstæði og skrifstofum skal veitt í fráveitukerfi Hafnafjarðarbæjar og skal vera aðskilið frá annarri fráveitu starfseminnar. Fráveitan skal vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 1450/2025, um fráveitur og skólphreinsun.

Draga skal úr losun í jarðveg og vatn með því að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem tilgreind er í BAT.²² Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð eða búin olíuskiljum. Safna skal öllu ofanvatni sem fellur til innan úrgangsmeðhöndlunarsvæðisins og skal það hreinsað með fullnægjandi hætti með því að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem tilgreind er í BAT,²³ áður en því er veitt í grjótpúkk á jaðri lóðar. Við rekstur olíuskilja skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar um olíuskiljur.

²¹ BAT 14 og 25, sbr. gr. 3.1

²² BAT 19, sbr. gr. 3.1

²³ BAT 20, sbr. gr. 3.1

3.10 Vöktun á losun í vatn og losunarmörk

Losun í vatn skal mæld á þeirri tíðni sem kemur fram í töflu 1 og skal hún vera innan þeirra marka sem þar koma fram.

Tafla 1. Losunarmörk fyrir losun í vatn

Mengunarefni ²⁴	Tíðni	Losunarmörk [mg/l]
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)*	Einu sinni í mánuði	180
Heildarmagn svifagna (TSS)	Einu sinni í mánuði	60
Vetniskolefnisólíustuðull (HOI)	Einu sinni í mánuði	10
Arsen (As)	Einu sinni í mánuði	0,05
Kadmíum (Cd)	Einu sinni í mánuði	0,05
Krómi (Cr)	Einu sinni í mánuði	0,15
Kopar (Cu)	Einu sinni í mánuði	0,5
Blý (Pb)	Einu sinni í mánuði	0,3
Nikkel (Ni)	Einu sinni í mánuði	0,5
Kvikasilfur (Hg)	Einu sinni í mánuði	0,005
Sink (Zn)	Einu sinni í mánuði	2
Perflúoróoktansýra	Einu sinni á sex mánaða fresti	
Perflúoróoktansúlfónat	Einu sinni á sex mánaða fresti	

*Heimilt er að mæla Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) í stað COD. Losunarmörk fyrir TOC er 60 mg/l.

Losun í vatn vegna mengunarefna í töflu 2 skal mæld árlega.

Tafla 2. Mengunarefni sem mæla skal í vatni

Mengunarefni ²⁵
Lífræn halógensambönd (AOX)
Fjölarómatísk vetniskolefni (PAH)
Bensen
Lífræn tinsambönd
Dí(2-etylhexýl)palat (DEHP)
Ammóníum
Súlfat
Σ Tríklóretýlen og tetraklóretýlen

²⁴ BAT 7, losunargildi eru skilgreind í töflu 6.1 í BAT niðurstöðum, sbr. gr. 3.1

²⁵ Mengunarefni á lista I og II í viðauki reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Mengunarefni ²⁵
Antímon (Sb)
Mólýbden (Mo)
Baríum (Ba)
Vanadíum (V)
Kóbalt (Co)
Heildarmagn fosfór (Samtals P)

4 Innra eftirlit og mælingar

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 3.2,
- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, s.s. fyrir sand- og olíuskiljur,
- Þjálfun starfsfólks sbr. gr. 2.3,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.6,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- niðurstöður mælinga skv. gr. 4.2,
- magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar sbr. gr. 3.2 og 3.3, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku, sbr. gr. 3.2,
- prófun og kvörðun mælitækja,
- árlega notkun vatns, orku og hráefna,²⁶
- árlega losun skólps²⁷ og eiginleika þess, s.s hitastig, pH-gildi og leiðni,²⁸
- niðurstöður hávaðamælinga skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir, sbr. gr. 3.4 og 4.2.

²⁶ BAT 11, sbr. gr. 3.1

²⁷ BAT 11, sbr. gr. 3.1

²⁸ BAT 3 og 6, sbr. gr. 3.1

4.2 Mælingar og skýrslur til eftirlitsaðila

Fullnægjandi aðstaða til losunarmælinga skal vera til staðar. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd losunarmælinga. Upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Rekstraraðili skal gera mæliáætlun vegna krafna í 3. kafla þessa starfsleyfis þar sem m.a. kemur fram tíðni mælinga, mæliaðferðir og staðsetning mælinga. Mælingar skal framkvæma a.m.k. á þeirri tíðni er fram kemur í gr. 3.10.

Mælingar skulu fara fram þegar starfsemin er í eðlilegum rekstri. Verklag eða tæknilegar lausnir skulu vera fyrir hendi til að fylgjast með virkni lofthreinsibúnaðar og ofanvatnskerfis.

Hávaðamælingar skal framkvæma fimmta hvert ár, fyrsta skipti fyrir árslok 2026 og skulu þær gerðar þegar tætarinn er í fullri starfsemi og senda stofnuninni jafnóðum og þær liggja fyrir. Umhverfis- og orkustofnun getur krafist úttektar á hávaða gefist tilefni til.

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla.

4.3 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 990/2008 um umhverfisupplýsingar.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfis- og orkustofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.2. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 Umhverfisvöktun

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal standa fyrir eða taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni starfstöðvarinnar í samræmi við umfang losunar í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram fyrir Umhverfis- og orkustofnun til yfirferðar og samþykktar. Í vöktunaráætlun skal koma fram ítarlegri lýsing á vöktun og vöktunarpáttum. Vöktunaráætlun skal liggja fyrir innan árs frá útgáfu starfsleyfis.

Vakta skal efnafræðilega gæðapætti í grunnvatni sbr. Vatnaáætlun, auk þess sem vakta skal viðeigandi mengunarefni í grunnvatni skv. reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun

grunnvatns. Nota skal viðmiðunargildi sem sett eru fram í B-hluta í lið 2.3.4 í III. viðauka reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Ef niðurstöður vöktunar á grunnvatni leiðir í ljós að leitni í styrk mengunarefna sé stígandi yfir lengri tíma, skal rekstraraðili leggja fram mótvægisaðgerðir til Umhverfis- og orkustofnunar til samþykktar.

Vakta skal jarðveg við grjótpúkkið að lágmarki tíunda hvert ár í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirliti. Notast skal við viðmiðunargildi í viðauka reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Rekstraraðili skal taka vöktunaráætlun reglulega til endurskoðunar. Umhverfis- og orkustofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til og kallað eftir breytingum á vöktunaráætlun.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar sbr. gr. 5.1. Umhverfis- og orkustofnun getur krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfis- og orkustofnun samþykkir.

6 Flokkun starfsemi og gjaldskylda

Starfsemin þessi fellur undir lið 5.3. b) viðauka I laga nr. 7/1998 og lið 5.3. b) Viðauka I. reglugerðar nr. 550/2018. Starfsleyfið er jafnframt gefið út í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja. Rekstraraðili greiðir Umhverfis- og orkustofnun gjald vegna útgáfu starfsleyfisins, eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar.

7 Afturköllun

Umfhverfis- og orkustofnun getur samkvæmt heimild í 63. gr. b. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, afturkallað starfsleyfi þetta ef rekstraraðili brýtur gegn ákvæðum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða skilyrðum starfsleyfisins. Stofnuninni er jafnframt heimilt að afturkalla starfsleyfið ef bú leyfishafa hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eða hann hefur leitað nauðasamnings.

8 Gildistaka

Starfsleyfi þetta er veitt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 24. ágúst 2042.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um endurnýjun á starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfis- og orkustofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 24. ágúst 2026

Umfhverfis- og orkustofnun

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Teymisstjóri

Arnar Össur Harðarson

Sérfræðingur

Viðauki A Yfirlit yfir skil

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðin skil tilgreind:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 2.4 er kveðið á um að rekstraraðili skuli vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi.
- Í gr. 3.10 er kveðið á um að framkvæma skuli mælingar skv. þeirri tíðni sem þar kemur fram óháð því hvort losunarmörk séu skilgreind. Niðurstöðum skal skilað fyrir 1. maí ár hvert skv. gr. 4.2.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að niðurstöður hávaðamælinga skuli senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.
- Í gr. 4.2 og 5.1 er kveðið á um að rekstraraðili eigi að hafa annars vegar mæliáætlun og hins vegar vöktunaráætlun.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Viðauki B Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis Hringrásar ehf. að Álhelli 1

B.1 Almenn

Hringrás ehf. sótti um nýtt starfsleyfi þann 6. febrúar 2023 til Umhverfis- og orkustofnunar, því rekstraraðili vildi auka umfang meðferðar á málmúrgangi í tætara umfram 75 tonn á dag. Hringrás ehf. var með starfsleyfi fyrir minna umfangi frá heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, sem gildi til 7. janúar 2037.

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 og 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, á tímabilinu 26. júní 2026 til og með 26. júlí 2026. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar þann 26. júní 2026. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, Hafnarfjarðarbæjar og heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

B.2 Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Starfsemi Hringrásar fellur undir tölulið 11.07 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem setur hana í flokk B og því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar (nú Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun) til ákvörðunar um matsskyldu. Rekstraraðili sendi matsskyldufyrirspurn vegna framkvæmdarinnar í júní 2023.

Skipulagsstofnun birti ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar þann 11. desember 2023. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og framkvæmdin því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

B.3 Áhrif á vatn

Starfsemin losar í grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraumur (104-265-G). Umhverfis- og orkustofnun óskaði eftir mati á áhrifum starfseminnar á vatnshlotið skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem barst þann 20. júní 2025. Stofnunin óskaði frekari skýringa á fyrirkomulagi hreinsunar á frárennsli frá starfseminni og barst uppfært áhrifamat þann 14. ágúst 2025 sem stofnunin hefur metið fullnægjandi. Umhverfis- og orkustofnun gerir í starfsleyfinu kröfur um mælingar á losun í vatn og vöktun grunnvatns.

- Í gr. 3.9 er gerð krafa um að safna skuli öllu ofanvatni sem fellur til innan úrgangsmeðhöndlunarsvæðisins og skal það hreinsað með fullnægjandi hætti, með því að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem tilgreind er í BAT, áður en því er veitt í grjótpúkk á jaðri lóðar.

- Í gr. 3.10 er gerð krafa um mælingar mengunarefna í vatni sem geta borist frá starfseminni.
- Í gr. 5.1 er gerð krafa um að vakta skuli efnafræðilega gæðapætti grunnvatnshlotsins og viðeigandi mengunarefni í grunnvatni skv. reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns.

B.4 Athugasemdir við auglýsta tillögu

Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar á auglýsingatíma.

B.5 Breytingar frá auglýstri tillögu

Ekki hafa verið gerðar efnislegar breytingar frá auglýstri tillögu aðrar en lagfæringar á stafsetningu, orðalagi og vísan í lög og reglugerðir.

B.6 Gildistaka

Stofnunin hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir Hringrás ehf. að Álhelli 1, 221 Hafnarfirði. Umhverfis- og orkustofnun sendir starfsleyfið til rekstraraðila eftir ákvörðun um útgáfu og undirskrift.